

Jólafundur Epsilondeildar var haldinn þann 29. nóvember 2023,

Formaður setti fundinn og bauð allar félagskonur hjartanlega velkomnar. Síðan var kveikt á kertum í Vináttu, Trúmennsku og Hjálpsemi.

Margrét Guðmundsdóttir sá um nafnakall og Ester Hjartardóttir las upp fundargerð síðasta fundar.

Guðríður þakkaði fyrir inntökufundinn og ræddi um hversu gaman það var að fá allar þessar nýju, hæfileikaríku konur í deildina okkar. Einnig bað hún konur að hafa augun opin fyrir nýjum konum í deildina og skoða fyrir hvaða fræðslumál vantar helst fulltrúa.

Guðríður talaði um hversu málþingið hefði tekist vel og þakkaði þeim systur, Ernu, Ingibjörgu Þ., Margréti og Eydísi þeirra þátt í undirbúningi þingsins. Erna tó að sér að gera þingið upp með samantekt sem verður sett inn í fundargerðarbók stjórnar fyrir næstu nefnd. Sigríður Guðnadóttir skrifaði frétt um þingið sem var sett inn á heimasíðu DKG og Margrét Guðmundsdóttir setti frétt inn á Fésbókarsíðu DKG.

Guðríður ræddi líka um könnun um starf DKG frá Árnæyju Elíasdóttur landsforseta og stjórn DKG.

Eydís Katla sagði frá stöðu reikninga. Í sjóði eru kr.                      Í framhaldi af því var rætt um hvað þyrfti að gera til að stækka sjóði félagsins. Var rætt um að auka árgjaldið og jafnvel að breyta eitthvað happadrættinu þannig að fleiri miðar yrðu seldir.

Næsti fundur verður haldinn laugardaginn 13. janúar 2024 að lðu í Biskupatungum en Elínborg húsráðandi þar bauð fram aðstöðu fyrir bókafundinn. Þetta verður Pálínuboð þannig að allar koma með eitthvað á hlaðborðið.

Ráðgert er að sleppa fundi í febrúar þar sem þá er allra veðra von en í mars yrði fundur í Þorlákshöfn og heimakonur þar skipuleggja þann fund.

Harpa Sigurjónsdóttir formaður Gammadeildar hafði samband og þær vilja gjarnan heimsækja okkur á fund í apríl. Við verður 35 ára í apríl svo það vræi afmælisfundur. Selfosskonur taka að sér þann fund sm væntanlega yrði haldinn 13. apríl.

Fundurinn 2. maí væri þá í Hveragerði og þá myndu Hveragerðiskonur skipuleggja. Á þeim fundi yrðu stjórnarskipti.

Guðríður minnti einnig á heimasíður DKG þar sem væri að finna margar gagnlegar upplýsingar.

Sigríður Munda flutti orð til umhugsunar og síðan var happadrætti þar sem vinninginn hlaut Sigríður Munda.

Slökkt var á kertunum og fundi slitið.

